

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. maí 2021

Mál nr. S-1357/2020:

Héraðssaksóknari

(Katrín Hilmarsdóttir saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Gísli Tryggvason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 30. apríl sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 20. febrúar 2020, á hendur: „X, kennitala [...], [...], Reykjavík, fyrir kynferðisbrot gegn A, kt. [...], með því að hafa í tvö skipti, eins og nánar greinir hér á eftir, haft við hann kynferðismök en ákærði nýtti sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart A sem er með þroskahömlun og gat ekki skilið þýðingu verknaðarins:

1. Haustið 2018 í vinnubifreið, sem ákærði var með til umráða og hafði lagt við óþekktan stað nálægt [...], haft endaparmsmök við A.
2. Fimmfundaginn 7. mars 2019, á ofangreindu heimili ákærða, haft endaparmsmök við A og haldið áfram að hafa við hann mök þó A hafi beðið hann um að hætta, en af þessu hlaut A 1 cm sprungu og þunna afrifu við endaparm.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 2.000.000 kr. auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. mars 2019 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 9. gr. sömu laga. Þá er krafist greiðslu þóknunar réttargæslumanns úr hendi sakbornings að mati dómara, eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.“

I

Af hálfu ákærða var skilað greinargerð vegna málsins, sbr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og einnig einkaréttarkröfu brotaþola, verði henni ekki vísað frá dómi. Verði ákærði fundinn sekur krefst hann þess að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið, til vara að dæmd refsing verði skilorðsbundin og til þrautavara krefst hann vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna, auk útlags kostnaðar, í samræmi við tímaskýrslu verjanda. Loks er þess krafist að aðallega allur sakarkostnaður, en til vara meginhluti hans, verði lagður á ríkissjóð, óháð málsúrslitum.

Ákærði byggir sýknukröfu sína aðallega á því að ósannað sé að hann hafi gerst sekur um þau brot er greinir í ákæru. Sé m.a. ósannað hvort ákærði hafi mátt vita að meintur brotaþoli væri með þroskahömlun, vilji brotaþola til að hafa við hann kynferðismök sé óumdeildur og brotaþoli njóti fulls kynfrelsis og gerhæfis. Þá séu fullyrðingar dr. B matsmanns í matsgerð almennar þess efnis að einstaklingar með fötlun á borð við þá sem brotaþoli er með séu almennt viðkvæmir fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eigi erfitt með að standast þrýsting. Loks sé vegna einhverfugreiningar ákærða ekki hægt að gera sömu kröfur til hans og heilbrigðra um að átta sig á ástandi brotaþola.

II

Málsatvik

Samkvæmt málgögnum kom brotaþoli til lögreglunnar á [...] 7. mars 2019 og tilkynnti að ákærði hefði nauðgað honum. Var brotaþola þá vísað á neyðarmóttöku til skoðunar. Þar ræddi brotaþoli við lögreglu og lýsti því að hann hefði kynnst ákærða á netspjalli og þeir hist tvisvar. Í fyrra tilvikinu hefði ákærði haft samfarir við brotaþola í endaparm þar sem þeir voru staddir í bifreið í [...]. Síðara tilvikið hefði verið þennan dag, 7. mars. Brotaþoli hefði þá farið til Reykjavíkur og heimsótt ákærða. Þar hefði ákærði haft samfarir við hann um endaparm og notað smokk. Hann hefði síðan beðið ákærða að hætta en ákærði ekki orðið við því og hefði samförunum lokið með því að brotaþoli stóð upp og fór á salernið. Eftir samfarirnar hefði ákærði verið með hníf inni í stofu og hefði það vakið upp ótta hjá brotaþola. Kom fram hjá brotaþola að ákærði hefði

oft verið að þrýsta á hann að koma í heimsókn. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu lágu frá upphafi fyrir upplýsingar um að brotaþoli væri þroskaskertur.

Fyrir liggur skýrsla um komu brotaþola á Neyðarmóttöku 7. mars 2019. Er þar bókuð frásögn brotaþola af atvikum, m.a. að hann hefði beðið ákærða að hætta endaðarmsmökum með orðunum „hættu, ekki ríða mér strax“ en ákærði hefði haldið áfram. Þá kemur fram í skýrslunni að vanlíðan brotaþola hafi verið mikil við komu og að skoðun hefði leitt í ljós sár og afrifu á slímhúð við endaðarm.

Í kjölfar skýrslutöku af brotaþola á Neyðarmóttöku var farið á heimili ákærða þar sem hann var handtekinn og húsleit gerð. Kom þá fram hjá ákærða að hann þekkti brotaþola og hefðu þeir haft samfarir þennan dag með samþykki þeirra beggja. Skýrsla var síðan tekin af ákærða og kom þá fram, auk framangreinds, að þeir hefðu áður hist og haft kynmök í bifreið við [...]. Sagði hann brotaþola hafa komið til sín með strætisvagni fyrir um daginn og þeir haft endaðarmsmök og brotaþoli ekki látið í ljós að hann væri á móti því. Þegar eitthvað var liðið á samfarirnar hefði brotaþoli staðið upp án þess að mæla og farið á salernið og síðan klætt sig. Þá kvaðst hann hafa verið að brýna hníf í stofunni eftir samfarirnar á meðan brotaþoli var þar og hefði það ekki verið gert til að valda brotaþola ótta. Sagði hann brotaþola koma nokkuð eðlilega fyrir en stundum mætti heyra að hann ætti við einhverja málhömlun að stríða en hann teldi ekki að hann væri þroskaskertur.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af brotaþola á ný 9. apríl 2019. Var frásögn hans þá að mestu í samræmi við þann framburð sem hann gaf á neyðarmóttöku. Fram kom hjá honum að hann hefði beðið ákærða að hætta kynmökunum og þá spurt hann hvort það væri ekki komið nóg og hefði ákærði þá sagt „nei, leyfum honum aðeins að hvíla sig“ og svo stungið typpinu aftur í rassinn á honum. Hefði ákærði þá átt við að typpið á honum væri að hvíla sig. Þarna hefði brotaþoli ekki viljað þetta lengur. Spurður hvernig ákærði hefði getað vitað það sagði brotaþoli að hann hefði sagt honum „að setja hann ekki alveg strax en hann gerði það strax“. Síðar í skýrslutökunni var brotaþoli spurður hvað hann hefði sagt við ákærða þegar hann vildi hætta og sagði brotaþoli að hann hefði allavega sagt við hann að hann þyrfti að fara á klósettið og síðan farið þangað en annars myndi hann ekki hvort hann hefði eitthvað gefið til kynna að hann vildi þetta ekki. Þá kvaðst hann hafa verið í samskiptum við ákærða á Facebook eftir þetta og ákærði þá sagt að hann ætti að draga kæruna til baka. Brotaþoli kvaðst vera með [...]. Þá eigi hann auðvelt með að eignast vini en viti ekki alltaf hver er vinur hans.

Ákærði gaf skýrslu vegna málsins 7. mars 2019. Kom fram hjá honum að hann hefði kynnst brotþola í gegnum Facebook og þeir talað saman þar í nokkurn tíma og hist tvisvar og þá haft endaparmsmök með samþykki beggja. Fyrri skiptið hefði verið í bifreið í [...] og hið síðara á heimili ákærða og hefðu þeir þá hist að frumkvæði brotþola. Ákærði sagði að þeir hefðu hætt kynmökum þegar ákærði fór á salernið. Sjálfur hefði hann þá „klárað að losa“ og klætt sig. Þeir hefðu sest báðir í stofuna en ekki rætt mikið saman. Þar hefði hann tekið upp hníf til að skera sér hráskinku og hefði brotþoli ekki virst vera hræddur við hnífinn. Spurður hvort hann teldi brotþola vera með eðlilegan þroska sagði ákærði: „Það er ekkert sem hefur kveikt á neinum [...], rauðum flöggum allavega hjá mér, sko.“ Teldi hann brotþola vera nokkuð eðlilegan en ekki alveg 100% og vísaði hvað það varðaði til þess að hann væri með minni háttar málhömlun. Kvaðst hann ekki hafa heyrt brotþola segja sér að ríða sér ekki strax og sagði hann brotþola aldrei hafa mótmælt eða gefið til kynna að hann væri ekki sáttur. Þá sagði hann brotþola hafa sagt nokkrum sinnum að hann ætlaði að koma til hans en ekki komið og hefði hann spurt brotþola tvisvar eða þrisvar hvort hann langaði til að koma.

Einnig liggur fyrir útprentun af samskiptum ákærða og brotþola á Messenger á tímabilinu frá 21. september 2018 til 20. mars 2019 og skjámynd af Facebook þar sem fram kemur að ákærði og brotþoli urðu vinir á Facebook 19. september 2018, þegar brotþoli samþykkti vinabeiðni ákærða.

Við rannsókn málsins voru einnig teknar skýrslur af vitnunum C, [...] brotþola, D, [...] hans, E, og F, en ekki eru efni til að rekja skýrslur þeirra.

III

Við meðferð málsins fyrir dómi var aflað þriggja matsgerða dómkvaddra matsmanna.

Samkvæmt matsgerð B, sálfræðings og sérfræðings [...], dagsettri 24. júní 2020, um þroska brotþola, er hann með greind á stigi miðlungs þroskahömlunar. Frammistaða hans sé [...]. Þá hafi brotþoli og [...] hans lýst þunglyndi og kvíða áður en atvik áttu sér stað. Segir í matsgerð að í helstu alþjóðlegum flokkunarkerfum (ICD-10 og DSM-V) séu efri mörk miðlungs þroskahömlunar skilgreind við greindartölu 50 út frá niðurstöðum á stöðluðu greindarprófi. Fötlun á því stigi sem einkennir miðlungs þroskahömlun hafi víðtæk og alvarleg áhrif á lífshlaup þeirra sem við hana búa, t.d. í tengslum við nám, atvinnu og félagslega aðlögun í víðasta skilningi. Einstaklingar með greindarfarslega

erfiðleika á þessu stigi séu í öllum tilvikum háðir öðrum að flestu leyti og geti ekki lifað sjálfstæðu lífi án mikils og viðvarandi stuðnings. Þetta hafi jafnframt í för með sér að viðkomandi séu almennt mjög viðkvæmir fyrir misnotkun af ýmsu tagi og ófærir um að standast þrýsting af því tagi sem [...]. Þá segir í matsgerðinni að brotaþoli beri með sér augljós einkenni þroskahömlunar, [...]. Það eigi ekki að dyljast þeim sem eiga við hann samskipti.

Fyrir liggur matsgerð G sálfræðings, dagsett 26. júní 2020, þar sem hún lagði m.a. mat á það hvar á einhverfurófi ákærði væri. Kemur þar fram að hann hafi átt við [...] að stríða sem hafi komið snemma fram. Hann hafi verið greindur með ofvirkniröskun [...] og [...] með ódæmigerða einhverfu og slaka aðlögunarfærni og farið í kjölfarið í [...]. G greindi ákærða nú með dæmigerða einhverfu þar sem talið er að einkenni einhverfu hafi komið fram við [...]. Segir í matinu að [...].

Þá telur matsmaður að hugsanlegt sé að ákærði hafi sökum einhverfu sinnar ekki áttað sig á ástandi meints brotaþola þar sem hann sé [...]. Vel sé því hugsanlegt að ákærði hafi ekki áttað sig á þroskaveikleikum/ástandi brotaþola. Loks segir matsmaður að erfitt sé að svara því hvort ákærði geti almennt ekki, sökum einhverfu sinnar, áttað sig á breyttri afstöðu fólks. Hafi brotaþoli skýrt og greinilega látið í ljós að hann vildi stoppa hefði ákærði átt að hafa forsendur til að meðtaka þau skilaboð þrátt fyrir fötlun sína.

Þá liggur fyrir geðrannsókn H, geð- og embættislæknis, vegna ákærða, dagsett 9. febrúar 2021. Var lagt fyrir matsmanninn að svara því hvort ákærði væri sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í svari matsmannsins segir: *Ljóst er að [ákærði] er á verknaðarstundu með [...] sem gerir honum öll félagsleg samskipti erfið. Auk þess er hann með [...], sögu um athyglisbrest en þessir þættir hafa ekki áhrif á getu hans til þess að vita hvað er rétt og rangt. Hafði hann þannig fulla innsýn í að nei ætti að þýða nei og hefði hann því átt að stoppa þegar að brotaþoli bað hann um slíkt. Í ljósi þess verður að teljast að 15. gr. eigi ekki við.*

Einnig var lagt fyrir matsmanninn að meta hvort refsing gæti borið árangur hvað ákærða varðaði, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga. Um það segir matsmaðurinn: *Nú liggur fyrir að [ákærði] er greindur með einhverfuröskun, sögu um athyglisbrest, starfræna röskun og einnig [...] en hið síðastnefnda í kjölfar ofangreindra meintra brota. Geta hans til að skilja eðli fangelsisvistar er eftir orðanna hljóðan. Hann óttast það að þurfa að taka út refsingu í fangelsi eða með öðrum hætti. Telur sig reyndar ekki hafa brotið af sér. Ljóst er að í dag er hans atferli [...]. Flestar vegna svokallaðra starfrænna*

einkenna en einnig eftir umræddan ákærðan atburð vegna [...] sem sýnir væntanlega hvað álagsþol [ákærða] er skert. Mikilvægt er að tryggja honum viðeigandi meðferð til þess að [...].

Með vísan til framangreinds telur matsmaður að ætla verði að hefðbundin refsing sé ekki til þess fallin að bera árangur.

Loks var óskað eftir áliti matsmannsins á því hvert þroskastig ákærða væri og hvort hann hefði vitsmunalegan þroska til jafns við það sem gengur og gerist hjá jafnöldrum hans. Taldi matsmaður að ákærði væri eðlilega greindur og með einhverfuröskun og væri þroskastig hans [...]. Sé hann því með venjulegan þroska í almennum skilningi en [...]. Sé vitsmunalegur þroski hans m.t.t. þess að vita hvað er rétt og rangt og að geta greint hluti sennilega í meðallagi í ljósi greindar en að mörgu leyti sé erfitt að meta það vegna þess hversu skertur hann sé af einhverfu sinni. Sé þannig ljóst að þroskastig hans sé töluvert lægra en gangi og gerist hjá jafnöldrum hans. Þá kemur fram í matsgerðinni að í ljósi [...] verði að ætla að ákærði geti haldið hlutum leyndum fyrir öðrum vilji hann gera það eða ætli sér það.

IV

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði neitaði sök. Kvaðst hann hafa verið í samskiptum við brotþola á Facebook að frumkvæði brotþola sem staðið hefðu í nokkra mánuði þegar þeir hittust. Þeir hefðu fyrst hist haustið 2018 að frumkvæði brotþola í vinnubifreið ákærða og kvaðst hann ekki rengja það að þeir hefðu þá haft endaparmsmök. Þegar þetta gerðist hefði hann ekið frá [...], kannski fimm mínútna akstur. Á leiðinni hefðu þeir spjallað saman. Þeir hefðu ekki klætt sig úr fötunum og kvaðst hann ekki muna hvort þeir hefðu verið búnir að ákveða fyrir fram hvað þeir ætluðu að gera. Hann hefði ekki áttað sig á því að brotþoli væri þroskaskertur, „ekkert sem öskraði á hann“. Brotþoli hefði komið honum nokkuð eðlilega fyrir sjónir og hann ekki tekið eftir því að eitthvað væri að honum útlitslega en brotþoli hefði stamað svolítið. Í síðara skiptið sem þeir hittust hefði það verið á heimili ákærða og að frumkvæði brotþola. Ákærði kvaðst telja að fyrir þeim báðum hefði vakað að hafa kynmök. Þetta hefði komið fram hvað varðaði brotþola í samskiptum þeirra á milli. Brotþoli hefði komið til hans og þeir haft kynmök en einnig

spjallað saman. Fyrst hefðu þeir haft munnmök hvor við annan sem hefðu leiðst út í endaparmsmök sem hann hafði við brotapolu „sem svo klárast“. Hefði brotapolu virst taka því ágætlega. Þeir hefðu ekki rætt saman um það áður en hann sett lim sinn inn í brotapolu og hann teldi að það hefði komið skýrt fram í samskiptum þeirra á Facebook hvað stóð til. Brotapolu hefði sjálfur klætt sig úr og ákærði klætt sig úr. Ákærði kvaðst ekki hafa fengið sáðlát þegar hann hafði endaparmsmök við brotapolu. Brotapolu hefði ekki beðið hann að hætta kynmökunum á meðan á þeim stóð og hann hefði ekki tekið eftir því að brotapolu væri í uppnámi þegar hann fór og hann hefði ekki sett [...] á brotapolu. Taldi ákærði að þeir hefðu hætt af því að brotapolu hefði þurft að fara á salernið. Síðan hefðu þeir klætt sig og sest í sófa í stofunni. Ákærði kvaðst þá hafa farið að brýna hníf en telja nú að hann hefði átt að láta það vera. Eftir þetta hefðu einu samskipti þeirra verið ein eða tvö skilaboð sem fóru á milli þeirra.

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað að brotapolu væri með greiningu og ekkert vitað um hann þegar þeir byrjuðu í samskiptum á Facebook. Þá hefði hann ekki orðið var við neitt í fari brotapolu sem benti til þess að hann væri mótfallinn því sem þeir höfðu áður ákveðið. Sagði ákærði að honum hefði ekki fundist hann vera að þrýsta á brotapolu á nokkurn hátt og að brotapolu hefði átt frumkvæði af öllum þeirra samskiptum, m.a. með því að senda honum kynferðislega mynd af sér. Kvaðst hann telja að brotapolu hefði sagt sér frá því að hann væri atvinnulaus og byggji hjá foreldrum sínum. Þá staðfesti ákærði að hafa spurt brotapolu hvort hann hefði verið í sérskóla en hann myndi ekki hvers vegna hann spurði og hann kvaðst ekki hafa haft neinar upplýsingar um að brotapolu hefði verið í slíkum skóla. Sagði ákærði að það gæti verið að hann hefði verið að velja þessu fyrir sér af því að það hefðu ekki komið fram miklar upplýsingar um hans hagi. Gæti hann ekki svarað því hvað honum fannst um að fá þessi kynferðislegu skilaboð frá brotapolu, en ekkert í þeim „kveikti á rauðum flöggum“. Eftir á að hyggja hefði þetta mögulega átt að vekja hann til umhugsunar. Sé hugsanlegt að einhverfa hans hafi valdið því að hann hafi ekki áttað sig á því að brotapolu væri skertur. Síðar í framburði sínum sagði ákærði að það gæti verið eitthvað í undirmeðvitund hans sem hefði valdið því að hann spurði brotapolu hvort hann hefði verið í sérskóla eftir að þeir hittust fyrst en eitthvað í svörum brotapolu hefði „slegið á það“.

Ákærði kvaðst hafa átt erfitt með félagsleg samskipti frá því að hann var barn og átt erfitt með að eignast og eiga vini. Taki hann eftir því að fólk fari að ýta honum frá sér, hann eigi auðvelt með að misskilja hluti og mislesi aðstæður. Hann geti ekki nefnt

dæmi þess að þetta hafi komið honum í vandræði félagslega og hann eigi oft erfitt með að koma hlutum í orð. Þá sé hann með skyntruflanir, næmur fyrir verkjum, hita og kulda. Hann hafi fengið aðstoð hjá sálfræðingum og geðlæknum til að vinna með félagsleg samskipti á sínum tíma og hafi það gert honum eitthvert gagn en ekki mikið. Sjái hann ekki þörf á að halda slíkri vinnu áfram, en hann sé mikill einfari.

Voru þá borin undir hann síðustu skilaboð hans til brotþola frá 18. mars 2018, kl. 20:58: „var semsagt eitthvað í [...] þegar þú [...]?“ Kvaðst ákærði þá ekki muna hvort hann hefði sett [...] á brotþola. Hann hefði ekki áhuga á [...] og hefði aldrei haft. Hann gæti hafa spurt brotþola um [...] en hann væri nokkuð viss um að hann setti ekki [...] á brotþola og gat hann ekki útskýrt spurninguna.

Borin voru undir ákærða skilaboð brotþola til hans 14. febrúar 2019, kl. 02:44: „ég kemst á morgun“. Einnig voru borin undir ákærða næstu skilaboð milli þeirra sem voru frá ákærða til brotþola 5. mars 2019, kl. 17:03: „hvenær ættlarðu að koma?“ Var ákærða kynnt að samskipti þeirra virtust hafa legið niðri eftir að brotþoli sagði 14. febrúar að hann ætlaði að koma til hans þangað til ákærði sendi skilaboðin 5. mars, og spurður hvort hann hefði haft frumkvæði að því að brotþoli kæmi til hans 7. mars. Svaraði ákærði því að það hefði ekki verið ætlun hans að hafa frumkvæði að því. Sennilega hefði hann verið að spyrja brotþola til að hann yrði heima „eða eitthvað“.

Ákærði kvaðst ekki muna af hverju hann hefði spurt brotþola í skilaboðum 6. janúar hvort það væru enn til [...] heima hjá honum. Þá var ákærða kynnt að í fyrirbyggjandi gögnum í framhaldi af þeirri spurningu hans til brotþola í skilaboðum 10. desember 2018 hvort hann hefði verið í sérskóla kæmi fram að brotþoli hefði svarað því játandi. Í kjölfar þess hefði ákærði spurt brotþola 10. desember 2018, kl. 23:49: „voru margir sem að pissuðu á sig sem voru með þér í bekk?“ Spurður kvaðst ákærði ekki muna hver hefði verið tilgangurinn með því að spyrja svona og kvaðst hann ekki hafa áhuga á þvaglátum. Borinn var undir ákærða sá framburður hans í skýrslu hjá lögreglu 7. mars 2019 að hann hefði séð að brotþoli væri eitthvað eftir á en ekki mikið og sagði ákærði að sennilega hefði hann hugsað þetta þegar hann leiddi hugann að þessu eftir á. Þá kvaðst hann ekki hafa leitt hugann að því hvort svör brotþola hefðu verið stuttaraleg eða út í hött og ekki séð neitt athugavert við þau. Kvaðst ákærði ekki vera með barnagirnd og ekki leita til þeirra sem stæðu höllum fæti vegna erfiðleika sinna í samskiptum. Ákærði kvaðst sjálfur hafa verið í sérdeild í grunnskóla.

Borin voru undir ákærða skilaboð hans til brotþola 23. september 2018, kl. 00:09: „Skilurðu núna af hverju ég það þig að taka með [...]?“ Kvaðst ákærði ekki muna í hvaða samhengi þessi skilaboð voru send en ábyggilega hefði það verið eitthvað í tengslum við endaparmsmök. Einnig voru borin undir hann skilaboð brotþola frá 26. september 2018, kl. 18:25, sem hann sendi í kjölfar þess að ákærði það hann að koma til sín „Því aldast gatt eg ekki staðið“. Ákærði sagði að brotþoli hefði líklega sagt þetta í tengslum við endaparmsmök sem þeir hefðu átt þegar þeir hittust í fyrra skiptið. Hann vissi þó ekki til þess að brotþoli hefði þá meitt sig og myndi ekki hvernig hann tók þessum skilaboðum frá brotþola. Þá voru borin undir ákærða skilaboð frá brotþola 5. október 2018, kl. 17:55, þar sem brotþoli svarar spurningu frá ákærða um það af hverju hann vilji ekki koma til hans: „Nei mer er enn þá illt“. Sagði ákærði að þessi skilaboð hefðu líklega verið eitthvað í sambandi við endaparmsmök, að honum væri enn illt. Kvaðst hann ekki minnst þess að þessi mök hefðu verið eitthvað harkaleg. Þá voru borin undir ákærða skilaboð hans til brotþola 26. september 2018, kl. 18:34: „Geturðu samt fundið [...] og tekið nokkrar myndir af hvernig hún passar á þig?“ Ákærði kvaðst ekki muna hvað hann hefði átt við með þessu og sagði spurður að hann hefði hvorki áhuga á [...]. Þá vissi hann ekki hvers vegna [...] bæri svona oft á góma í samskiptum hans við brotþola. Borin voru undir ákærða skilaboð brotþola til hans frá 22. september 2018, kl. 22:41: „Já en .mamma er eima og ég vill ekki að hún vitti þetta þanig að það er betra að við förum eitthvað samt ekki lánt frá“. Var ákærði spurður hvernig hann hefði skilið þessi skilaboð og kvaðst hann þá hafa sjálfur búið hjá móður sinni en ekki hafa þurft að leyna því hvert hann færi. Fannst honum þetta ekki vera merki um að brotþoli þyrfti að gera grein fyrir ferðum sínum. Borin voru undir ákærða skilaboð frá 13. október 2018, kl. 23:07, frá brotþola: „Blessaður var að spá viltu bj fyrir far frá. N1 [...]“. Ákærði sagði að „bj“ væri væntanlega tott eða eitthvað álíka.

Ákærða var kynnt útprentun af samskiptum hans og brotþola á Facebook Messenger frá 22. september 2018 til 18. mars 2019. Staðfesti hann að þessi samskipti hefðu átt sér stað á milli þeirra og hafði engu við þau að bæta. Sagði ákærði að af skilaboðum frá 22. september 2019 og 23. september 2018, kl. 00:09 mætti ætla að þeir hefðu hist 22. september 2018 og væri það fyrra tilvikið er greindi í ákæru. Þá staðfesti ákærði að í þeim skilaboðum sem fóru á milli þeirra hefðu þeir mikið rætt kynlíf en kvaðst ekki endilega hafa verið að reyna að fá brotþola til að hitta sig aftur. Ákærða voru sérstaklega kynnt skilaboð sem fóru á milli þeirra 6. janúar 2019 og kvaðst hann

ekki muna sérstaklega eftir þessum degi. Spurður um skilaboð hans til brotþola þennan dag kl. 00:07: „hvenær villtu koma að leika?“ Ákærði sagði að ef hann myndi rétt hefði þetta verið í kjölfar skilaboða sem brotþoli sendi honum og það um eða ýjaði að því að fá að hitta hann aftur. Var ákærða kynnt að næstu kynferðislegu skilaboð á undan hefðu verið frá honum 29. desember 2018, kl. 23:23: „ertu orðinn graður?“ Sagði ákærði þá að einnig gæti verið að þegar þeir hittust í [...] hefði brotþoli minnst á að hann vildi hitta hann aftur. Þá sagði ákærði að þeir hefðu ekki hist 6. janúar 2019 og hefðu hans skilaboð þessa daga í janúar sennilega verið vegna þess að hann hefði þurft að gera ráðstafanir til að vera heima eða annað ef brotþoli ætlaði að koma. Borin voru undir ákærða skilaboð brotþola frá 14. febrúar 2019, kl. 02:44: „ég kemst á morgun“. Einnig voru borin undir ákærða næstu skilaboð á milli þeirra sem voru frá ákærða 5. mars 2019, kl. 17:03: „hvenær ættlarðu að koma?“ Kvaðst ákærði ekkert muna eftir þessum samskiptum og sagði að ekki hefðu verið önnur samskipti milli þeirra dagana á milli.

Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa sent brotþola vinabeiðni á Facebook en véfengdi það ekki. Hann kvaðst eiga hundruð vina á Facebook og sér væri ekki alltaf ljóst af hverju hann bæði einhvern að vera vinur sinn eða hvor sendi vinabeiðni. Hann myndi ekki hvers vegna hann sendi brotþola vinabeiðni en sagði að eitthvert rugl hefði verið á símanum hans. Eftir að brotþoli samþykkti vinabeiðnina hefðu þeir byrjað að spjalla.

Vitnið A, brotþoli, kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum Facebook þar sem þeir hefðu talað saman. Ákærði hefði komið einu sinni í [...] og hitt hann þar. Síðan hefðu þeir talað aftur saman og hann tekið strætisvagn á [...], en ákærði [...], og hitt ákærða heima hjá honum og þeir hefðu ætlað að gera það. Þar hefði hann „leyft ákærða að gera við sig en hann ekki fengið að gera við ákærða“. Þeir hefðu talað aðeins saman áður en þeir fóru inn í svefnherbergi og hefði brotþoli sagt ákærða aðeins frá sér, m.a. að hann væri að vinna í [...]. Þeir hefðu farið inn í svefnherbergi og hann klætt sig úr öllu en ákærði ekki klætt sig úr. Síðan hefðu þeir farið upp í rúm og ákærði byrjað að ríða honum. Fyrst hefði það verið allt í lagi en orðið vont þegar ákærði setti „punginn“ í rassinn á honum. Hann hefði þá sagt ákærða að hætta en ákærði hefði ekki hætt og haldið áfram en ekki lengi. Hann hefði svo sjálfur farið úr rúminu. Sagði brotþoli að eftir þetta hefði blætt úr rassinum á honum. Þá hefði ákærði [...] þegar hann var búinn að fara á salernið og þeir voru komnir inn í stofu. Brotþoli sagði að ákærði hefði sagt við hann að það gæti lekið niður en sjálfur hefði hann ekki séð það fyrr en hann fór á klósettið. Ákærði

hefði verið í stofunni og verið með sveðju sem hann var að brýna og skera kjöt og hefði hann þá orðið hræddur um að ákærði mundi drepa hann. Hann hefði verið með [...] þegar hann fór frá ákærða en þaðan hefði hann farið á Hlemm og [...]. Kvaðst hann hafa sagt móður sinni, ömmu og nokkrum sem voru að vinna í [...] frá þessu. Þá sagði brotapolí að hann héldi að ákærði hefði sett pillu í bjórinn hjá honum þar sem hann hefði verið sterkari en venjulega og hann hefði fundið á sér og myndi lítið eftir að hann drakk bjórinn, sem hefði verið eftir að þeir voru komnir fram í stofu. Brotapolí kvaðst hafa talið að ákærði væri vinur sinn og treyst honum. Spurður um líðan sína sagði brotapolí að hann hefði ekki sofið í nokkra daga og hann hefði kviðið því að koma fyrir dóm.

Brotapolí sagði að í fyrsta skiptið sem þeir hittust hefði ákærði komið á bifreið og sótt hann við sjoppuna og hefðu þeir ekið eitthvað í burtu frá [...] en ekki langa leið. Á leiðinni hefðu þeir talað saman um hvað ákærði væri að vinna og gera og hefði ákærði sagt frá sér en ekki spurt brotapóla neitt um hann. Ákærði hefði síðan haft samfarir við hann í rass en brotapolí ekki fengið að ríða ákærða. Þá hefði hann tekið buxurnar niður en annars verið í fötunum. Hefði honum fundist þetta svolítið vont en ekki beðið ákærða að hætta og ekki verið hræddur við hann þá. Þetta hefði gerst löngu áður en hann fór heim til ákærða.

Þá sagði brotapolí að ákærði hefði fundið hann á Facebook og sent honum vinabeiðni sem hann samþykkti og hefðu öll samskipti þeirra verið í gegnum Facebook Messenger. Eina skiptið sem hann hefði talað við ákærða í síma hefði verið þegar hann hringdi í ákærða þegar hann var á leiðinni til hans. Brotapolí sagði að þeir hefðu einungis verið að hittast til að ríða og viljað það báðir. Þeir hafi þurft að vera með sleipiefni svo að þetta yrði ekki vont, og þetta hefði verið vont „eftir að sleipiefnið hætti“. Hann sagði ákærða hafa notað smokk. Sagði brotapolí að hann hefði viljað ríða ákærða en hann hefði, þegar brotapolí spurði hvort hann mætti það, sagt „sjáum til“. Þegar hann fór heim til ákærða hefði það verið til þess að þeir riðu hvor öðrum og sagði brotapóla að hann hefði „sett hann of fast í mig“. Þegar sleipiefnið kláraðist hefði sig langað að hætta. Kvaðst brotapolí ekki viss hvort hann hefði sagt við ákærða að hann vildi hætta eða muna hvað hann sagði. Taldi hann sig hafa sagt að hann vildi ekki meira og ákærði þá sagt að hann ætlaði að láta typpið róa sig niður.

Brotapolí kvaðst mikið hafa verið á [...] undir nafninu A en enginn hefði samþykkt slíkt. Brotapolí kvaðst muna eftir því að ákærði hefði spurt hann á Messenger hvort hann hefði verið í sérskóla áður en þeir hittust og þegar þeir hittust í [...] hefðu þeir

talað um að brotaþoli hefði verið í [...]. Þá hefði ákærði einnig spurt hann hvort hann notaði [...] sem hann gerði ekki. Ákærði hefði fyrst minnst á [...] í skilaboðum áður en þeir fóru að hittast. Brotaþoli kvaðst oft fá kvíðaköst, jafnvel út af engu, og einnig verða þunglyndur. Sér hefði liðið ágætlega þegar hann var að hitta ákærða. Eftir atvikið hefði hann hitt sálfræðinga og honum liðið betur eftir það.

Vitnið C, [...] brotaþola, sagði að hann hefði hringt í hana eftir að hann hitti ákærða í seinna skiptið. Hefði hann sagst hafa verið hjá vini sínum, en hann kalli alla vini sína, og hefði hún heyrt á honum að ekki var allt í lagi. Brotaþoli hefði síðan tekið strætisvagn frá [...] og hún svo sótt hann í [...]. Þegar þau hittust hefði hún séð að brotaþola var mikið niðri fyrir. Hann hefði sagt henni frá því sem gerðist, að hann hefði verið misnotaður, hann hefði viljað hætta en ákærði ekki hætt. Hún hefði þá hringt í 112 sem hefði vísað þeim á lögregluna í [...] sem hefði sagt þeim að fara á Neyðarmóttökuna. Brotaþoli hefði farið þar í skoðun og reynst vera með sjáanlega áverka. Hann hefði sagt henni að hann hefði verið samþykkur þessu í upphafi en síðan sagt ákærða að hann vildi stoppa af því að sér fyndist þetta vera vont en ákærði haldið áfram. Einnig hefði brotaþoli sagt að ákærði hefði eftir þetta verið að brýna hníf og hann þá orðið hræddur við ákærða og ekki vitað hvað hann myndi gera. Kvaðst hún ekki vita hvort kynmökkin eða hnífurinn hefði valdið honum meiri vanlíðan. Sagði hún brotaþola fyrst hafa talað um misnotkunina en síðan um hnífinn. Sagði hún atvik hafa tekið mikið á brotaþola og hann hefði eftir þetta leitað sér sálfræðiaðstoðar á Landspítalanum og hjá [...]. Þá hefði það valdið brotaþola vanlíðan að vita af því að ákærði var að vinna í [...].

Vitnið sagði brotaþola vera með [...]. Einkenni þeirra sem eru með það heilkenni sé m.a. að treysta öllum og vera leiðitamur. Hann sé mikil félagsvera og sæki í félagsskap annarra og vilji gera öllum til geðs. Brotaþoli eigi ekki marga vini en hann eigi kunningja og geri hann sjálfur ekki greinarmun á þessu. Sagði vitnið að brotaþoli væri niðurdreginn yfir þessu. Hann vilji engum illt og eigi erfitt með að standa með sjálfum sér. [...]. Þá hefði brotaþoli verið í [...] allan grunnskólann og síðan í [...] í fjögur ár á starfsbraut. Kvaðst hún telja að ef brotaþoli væri að segja ósatt gæti hann ekki sagt í meginatriðum það sama nú eftir tvö ár, hann gæti ekki munað það. Brotaþoli sé kynferðislega virkur og hafi fullt kynfrelsi. Þá hafi hann ekki verið [...]. Hann skrifi sjálfur undir skjöl en sé með aðstoð frá henni og réttindagæslumanni og hafi því ekki verið einn í þessu kærufarli.

Vitnið sagði að brotaþoli hefði sagt henni að ákærði hefði sett á hann [...] sem hann hefði tekið af sér á [...]. Það hefði verið skömm fyrir brotaþola og niðurlægjandi.

Hann vilji vera vinur allra og sé það auðvelt fyrir marga að fá hann til að gera það sem þeir vilja. Hann hafi verið misnotaður fjárhagslega, t.d. [...], og það sé auðvelt að misnota hann og hann trúi því þegar fólk segir að það borgi til baka. Telji hún að það tengist þessum eiginleika hans að hann hafi fallist á að vera með [...]. [...]. Þá taldi vitnið að brotaþoli gæti haft frumkvæði en hann geri sér ekki grein fyrir þeirri hættu sem geti falist í því að hitta einhvern sem hann þekkir ekki og haldi að allt fari eins og um er rætt. Vitnið kvaðst vera [...]. Sagði hún brotaþola ekki gera sér grein fyrir því í hvaða aðstæðum hann gæti lent þegar hann óskaði eftir kynlífi með ókunnugu fólki.

Vitnið D, [...], kvaðst hafa verið með matarboð daginn sem málið kom upp og hefði vitnið C ætlað að koma með brotaþola til hennar. C hefði síðan hringt og sagt að hún kæmist ekki og að eitthvað hefði komið fyrir. Nokkru síðar hefði hún rætt við brotaþola í síma og hann þá sagt að sér hefði verið nauðgað. Lýsti hann því að ákærði hefði ekki hætt þegar hann bað hann um að hætta og hefði brotaþoli grátið þegar hann sagði henni frá þessu. Sagði vitnið að sér fyndist brotaþoli hafa hætt að treysta fólki eins og áður eftir þetta og þessi atvik sætu í honum. Hann sé mjög ljúfur og eigi marga kunningja en enga vini. Hann sé leiðitumur og vilji gera fólki til geðs nema það sem hann vilji ekki sjálfur. Ef hann segir ósatt geti hann ekki haldið sig við þá sögu og ekki haldið sig við ósanna sögu í tvö ár. Brotaþola líði enn illa vegna þessara atvika.

Vitnið E sagði brotaþola hafi komið morguninn eftir að málið kom upp í [...] sem vitnið var að vinna í og brotaþoli vandi komur sínar í. Vitnið kvaðst hafa spurt brotaþola hvort eitthvað væri að þegar hún sá hann þar sem hann hefði verið skjálfandi og hálfkjökrandi. Hann hefði sagt henni frá því að sér hefði verið nauðgað. Hann hefði hitt vin sinn sem hann hafði kynnst á netinu, fengið hjá honum bjór og orðið skritinn af bjórnum. Maðurinn hefði nauðgað honum og þá hefði hann einnig verið að brýna hnífa. Lýsti hann því að ákærði hefði haft við hann kynmök og hann beðið ákærða að hætta en hann ekki gert það. Kvaðst hún telja að brotaþoli væri leiðitumur og vildi gera fólki til geðs. Þá minntist vitnið þess að brotaþoli hefði verið helaumur þegar hann settist niður hjá henni og kveinkað sér. Sagði vitnið að brotaþoli hefði sagt „nei, nei“ við ákærða og beðið hann að hætta, eins og hún lýsti í skýrslu sinni hjá lögreglu.

Vitnið F kvaðst hafa talað við brotaþola daginn eftir að atvik gerðust. Hann hefði þá sagt henni frá því sem gerðist, að hann hefði hitt mann sem hefði brotið gegn honum. Þá staðfesti vitnið þann framburð sem hún gaf hjá lögreglu, að brotaþoli hefði sagt að hann hefði verið að spjalla við geranda á netinu og svo farið og hitt hann og viðkomandi

hefði nýtt sér aðstæður og misnotað brotaþola kynferðislega. Vitnið kvaðst þekkja brotaþola vel. Þennan dag hefði brotaþoli ekki verið eins og hann var vanur, t.d. hefði hann viljað fá faðmlag. Hann hefði verið mjög sorgmæddur og grátið þegar hann sagði frá en hann væri venjulega opinn og hress og glaður.

Vitnið I, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, sagði brotaþola hafa lýst atvikum þegar hann kom þangað til skoðunar 7. mars. Hefði komið fram að hann hefði verið í samskiptum við ákærða á netinu og hefði litið á ákærða sem vin sinn og áður hitt hann til að hafa kynmök. Brotaþoli hefði fengið bjór hjá ákærða og þeir haft endaparmsmök og ákærði haldið þeim áfram og verið harkalegur og meitt hann. Hefði hann sagt við ákærða, „ekki ríða mér strax“ og „hættu“. Brotaþoli hefði sagt ákærða að hann þyrfti að fara á klósettið og síðan klætt sig. Einnig hefði hann verið hræddur vegna hnífs sem ákærði var að brýna og haldið að hann myndi nota gegn sér. Við skoðun var brotaþoli með ferskar rifur í endaparmi og hefði blætt dálítið og einnig var hann verið með mar og var honum mjög illt í endaparmi. Þá hefði hann verið með mikil áfallaviðbrögð og honum liðið mjög illa, t.d. [...].

Sagði vitnið að brotaþoli hefði verið mjög einlægur og skýr í frásögn og trúverðugur. Sagði vitnið að rifur í endaparmi og mar bentu til þess að ekki hefði verið um samþykki að ræða. Rifur gætu einnig komið eftir mök með samþykki. Þá hefði brotaþoli einnig lýst því að ákærði hefði haldið honum og þrýst sér inn í hann. Þau sjái ekki mörg tilvik þar sem rifur komi við mök með fullu samþykki og með aðstoð sleipiefnis. Vitnið sagði að tilvik sem kæmu til þeirra vörðuðu almennt endaparmsmök án samþykkis þannig að þau hefðu ekki mikinn samanburð.

Vitnið J, læknir á Neyðarmóttöku, staðfesti skýrslu sem hún gerði um skoðun brotaþola. Sagði hún brotaþola hafa verið hræddan og miður sín. Hann hefði sagst hafa heimsótt mann sem hann hefði verið í samskiptum við á netinu og treyst. Þeir hefðu hist í ákveðnum tilgangi, að hafa endaparmsmök. Hann hefði síðan viljað að gerandi hætti af því að hann meiddi sig en gerandi ekki hætt. Þá staðfesti vitnið að brotaþoli hefði sagt að hann hefði sagt við ákærða, eins og bókað er í skýrslu vitnisins vegna komu brotaþola á Neyðarmóttöku: „Hættu, ekki ríða mér strax.“ Við skoðun hafi hún séð sprungu og afrifu í endaparmi brotaþola. Kvaðst hún sjaldan fá til skoðunar tilvik þar sem um væri að ræða endaparmsmök sem ekki hefðu verið gegn vilja viðkomandi. Sagði vitnið að svona áverkar gætu komið ef mök væru harkaleg eða óundirbúin en ekkert væri hægt að alhæfa um það. Geti hún ekki svarað því hvort svona áverkar geti komið eftir eðlileg

endaþarmsmök, hvort sem sleipiefni er notað eða ekki. Vitnið sagði að brotaþoli hefði verið mjög miður sín og með mikil einkenni áfalls, mörg líkamleg einkenni, m.a. [...]. Áfallið sem birtist hjá brotaþola gæti stafað af því að ákærði hefði handleikið hníf eftir mökin en hann hefði lýst því að hann hefði þá orðið enn hræddari.

Vitnið K sálfræðingur kvaðst hafa sinnt brotaþola eftir atvikið. Hann hefði greint henni frá slæmri líðan og forðaðist hann minningar um atvik, kvaðst neyta meira áfengis en áður og hafa litla matarlyst. Þá hefði hann verið með sjálfsásakanir, átt erfitt með að átta sig á því hverjum væri treystandi og verið hræddur við að hitta geranda. Hefði hann lýst atvikum svo að hann hefði hitt mann sem hann hefði verið í samskiptum við á Facebook og hefðu þeir áður hist í [...]. Þeir hefðu hist á heimili geranda sem hefði haft við hann endaþarmsmök með samþykki brotaþola sem hefði síðan viljað hætta en gerandi hefði ekki orðið við því. Þá hefði gerandi sett [...] brotaþola sem hann þurfti ekki. Einnig hefði gerandi verið að brýna hníf eftir þetta og hefði brotaþoli óttast að ákærði mundi stinga sig. Sagði vitnið að brotaþoli hefði sýnilega verið í uppnámi eftir atvikið. Þá kom fram hjá vitninu að stundum væri einfaldara að aðstoða einstaklinga með þroskaskerðingu. Oft sé hægt að „leysa“ hugsanir þeirra í svona tilvikum þar sem þeir taki skýringum en tryggja þurfi að þeir skilji það sem rætt er. Brotaþoli hefði verið með einkenni áfallastreituröskunar, upplifað ótta við atvik og upplifað það sem alvarlegt áfall. Þetta hefði verið metið bæði í samtali og með sjálfsmatskvörðum. Sagði vitnið að brotaþoli hefði verið trúverðugur og samkvæmur sjálfum sér í frásögnum sínum á milli fagaðila og milli viðtala hjá henni. Staðfesti vitnið að hendur brotaþola hefðu titrað þegar hann talaði um brotið sjálft og hefðu greinileg streituvíðbrögð sést þegar hann var að tala um það. Síðast þegar vitnið hitti brotaþola hefði hann virst vera kominn í góðan bata þó að ekki væri hægt að vita það með vissu. Líklegt sé að hann þurfi að takast á við þetta seinna meir. Brotaþoli hefði alltaf vísað í kynferðisofbeldið sem brotið og bentu einkenni hans til slíks brots en ekki atviksins með hnífinn. Hvað varðaði líðan brotaþola áður en atvik gerðust þá hefði vitnið einungis frásögn brotaþola um að hann hefði verið hjá sálfræðingi vegna [...].

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa verið á bakvakt þegar hann var kallaður að málinu. Hefði hann farið á heimili ákærða og handtekið hann, gert húsleit og yfirheyrð ákærða síðar um kvöldið en ekki komið frekar að rannsókn málsins. Hefði ákærði verið rólegur og yfirvegaður. Staðfesti vitnið að hafa séð í síma ákærða að hann og brotaþoli hefðu verið í samskiptum frá því í maí 2018. Ákærði hefði gefið þeim einhverjar

upplýsingar á vettvangi en ekki hefði farið fram skýrslutaka af honum þar. Þá hefði ákærði ekki óskað eftir verjanda við húsleit en að verjandi yrði viðstaddur skýrslutöku. Minnti vitnið að ákærði hefði stutt sig við hækjur. Ekki hefði verið talin þörf á réttarlæknisfræðilegri skoðun á ákærða þar sem hann viðurkenndi að hafa haft mök við brotþola.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa starfað í lögreglunni [...] þegar tilkynning barst um nauðgun og hefði komið fram að brotþoli væri á leið á Neyðarmóttöku og verið talið að atvikið hefði gerst nýlega. Hún hefði fengið upplýsingar um meintan geranda og að vettvangur væri á heimili hans í Reykjavík. Hún hefði því haft samband við lögregluna í Reykjavík og farið með lögreglumönnum þaðan á heimili ákærða. Lögreglumaður úr Reykjavík hefði eitthvað rætt við ákærða en þau síðan saman tekið skýrslu af honum. Vitnið kvaðst hafa rætt við brotþola á Neyðarmóttöku og hefði hann þá verið grátandi og augljóst að hann væri með þroskahamlanir. Hefði hún velt því fyrir sér hvort hún þyrfti að fá sérfræðiaðstoð til að ræða við hann en hún hefði ekki náð að tala við hann strax þar sem hann hefði verið í miklu uppnámi. Fram hefði komið hjá brotþola að hann hefði haft kynmök við ákærða og beðið ákærða að hætta og sagt að þetta væri vont og að hann væri að meiða hann. Ákærði hefði ekki stoppað fyrr en brotþoli hefði beðið um að fá að fara á salernið.

Vitnið L kvaðst hafa verið heimilislæknir brotþola frá árinu 2002. Sagði hann brotþola vera með þroskaskerðingu á grundvelli [...] sem hafi margvísleg áhrif á [...]. Þá sé brotþoli einnig með [...] á grundvelli sjúkdómsins en það sé ekki skilyrði til að falla undir greininguna. Sagði hann brotþola vera [...] og séu þetta einkenni sjúkdómsins. Þá hafi brotþoli alltaf verið [...].

Vitnið dr. B, sálfræðingur og sérfræðingur [...], var dómkvaddur sem matsmaður til að meta þroska brotþola. Staðfesti vitnið að hafa unnið matsgerðina. Vitnið sagði að ekki hefði verið nóg að leggja fyrir brotþola greindarpróf við matið. Sú fötlun sem nefnd er þroskahömlun sé skilgreind út frá víðara sjónarmiði. Félagsleg aðlögun, líðan og hegðun komi einnig til skoðunar sem ákvarðandi þáttur, m.a. um alvarleika fötlunar. Vitnið kvaðst hafa hitt brotþola í nokkur skipti og fengið frá honum upplýsingar. Einnig hefði móðir hans svarað spurningalista og gefið vitninu upplýsingar. Í ljós hefði komið að brotþoli [...]. Hann hefði farið með brotþola í gegnum ítarlegar prófanir, m.a. sálfræðipróf og greindarfarspróf. Niðurstaðan hefði orðið sú að brotþoli væri með miðlungs alvarlega þroskahömlun eða miðlungs þroskahömlun. Þroskahömlun sé skipt í

fjóra flokka eftir alvarleika og séu það allt fötlunarflokkar. Væg þroskahömlun sé vægastur af þessum fjórum flokkum sem séu allir alvarlegir. Miðlungs alvarleg þroskahömlun sé umtalsverð fötlun sem hafi víðtæk áhrif á líf þeirra sem með hana greinast. Komi fötlunin fram í alvarlegum námserfiðleikum og alltaf erfiðleikum með félagslega aðlögun og þurfi viðkomandi mjög mikla aðstoð til að bjarga sér í daglegu lífi. Efri mörk samkvæmt miðlungs alvarlegri þroskahömlun séu 50 stig [...] en það sé lægsta niðurstaðan sem hægt sé að fá úr þessum stöðluðu prófum. [...]. Brotapoli hafi verið í [...] sem barn og verið greindur með [...] sem sé eitt af fimm stórum heilkennum sem leiði til þroskahömlunar. Því fylgi almennt bæði útlits- og hegðunareinkenni. Tilfinningalega sé fólk með þessa greiningu opið og málgefið, ef það getur talað. Þá sé það mjög upptekið eða næmt fyrir tilfinningum annarra eða þær hafa „gott aðgengi“ að þeim en skilji ekki endilega tilfinningar annarra. Sé þetta eitt af því sem sjáist oft hjá börnum með þessa fötlun. Brotapoli hafi sjálfur lýst [...]. Hafi hann tengt þetta við þau brot sem ákært er fyrir. Þá vilji hann gera öðrum til hæfis en það einkenni almennt þá sem eru með þroskahömlun. Greindartalan [...] sé mjög lág en meðaltalið sé 100. Í kringum 70 séu frávik orðin umtalsverð en þegar komið sé niður í [...] séu þau ansi alvarleg. Frávik brotþola komi fram á öllum sviðum, m.a. í ályktunarhæfni, rökhugsun og skilningi. [...]. Þá sagði vitnið að þessari þroskaskerðingu fylgdi yfirleitt félagsleg einangrun.

Vitnið sagði að auðvelt væri að mynda trúnaðarsamband við brotþola og misbeita því og væri hann því útsettari fyrir misnotkun en almennt gengi og gerðist og ætti erfitt með að standast þrýsting. Sé brotþoli því einnig útsettari fyrir kynferðislegu ofbeldi. Brotapoli hefði sagt vitninu að hann hefði kynnst ákærða, hann hefði nauðgað sér og [...] þegar þessu var lokið. Hafi brotþoli tengt vanlíðan við þau atvik sem ákært er fyrir og það haft mikil og slæm áhrif á hann og hafi enn. Sagði vitnið að oft kæmi fram vanmat á því hvernig þroskahamlað fólk bregst við áföllum. Birtingarform ofbeldis hjá fötluðum komi seinna fram en geti leitt til meiri erfiðleika en hjá ófötluðum. Viðmót brotþola og útlit hans sé þannig að það eigi ekki að fara fram hjá fólki að hann sé með einhvers konar skerðingu, sérstaklega þegar fólk kynnist honum og talar við hann. Vitað sé, út frá tölfræði, að þroskahamlað fólk sé útsettara en aðrir fyrir misneytingu af ýmsu tagi, m.a. kynferðislegu ofbeldi. Þá sagði vitnið að brotþoli ætti mjög erfitt með að setja mörk varðandi óviðeigandi samskipti. Þá staðfesti vitnið að einstaklingar með greindarfarslega erfiðleika séu viðkvæmir fyrir þrýstingi af ýmsu tagi og misnotkun af

því tagi sem ákærði er ákærður fyrir gagnvart brotþola. Erfitt eða nánast útilokað sé fyrir brotþola að standast þrýsting sem þennan.

Þá sagði vitnið að fatlaðir ættu að njóta kynfrelsis á jafningjagrundvelli og væri þá væntanlega um að ræða samband á milli fólks sem væri með einhvers konar frávik og báðir væru samþykkir. Hömluleysi geti fylgt vitsmunalegri skerðingu og henni fylgi almennt dómgreindarleysi sem valdi því að fólk sé hömlulítið. Telji vitnið að brotþoli eigi erfitt með að varast þær hættur sem kunni að leynast í því þegar hann sendi út beiðni á samfélagsmiðlum um skyndikynni. Sé hann þá í ákveðinni hættu og gæti auðveldlega lent í vandræðum. Sagði vitnið að til að átta sig ekki á því hvað brotþoli er fatlaður þyrfti viðkomandi að vera með þroskahömlun sjálfur. Einstaklingur með meðalgreind og dæmigerða einhverfu ætti að átta sig á því að brotþoli er þroskaskertur. Það þurfi verulega mikla skerðingu með einhverfu til að það skipti einhverju máli við þetta mat.

Vitnið G, sálfræðingur og dómkvaddur matsmaður, sagði hvað varðaði svör við spurningu nr. 1 til hennar í matsbeiðni, hvar á einhverfurófi ákærði væri nú, að ákærði hefði verið greindur með dæmigerða einhverfu og væri með allalvarleg einkenni. Við gerð matsins hefðu foreldrar ákærða svarað spurningalista um aðlögunarfærni hans. [...]. Einkennin hefðu verið komin skýrt fram hjá ákærða við [...] ára aldur og teldi hún því réttmætara að greina hann með dæmigerða einhverfu. Sagði vitnið að einhverfa breyttist ekki með aldrinum en aðlögunarfærni gæti breyst. Kvaðst hún hafa hitt ákærða einu sinni og einnig tekið viðtal við foreldra hans. Fyrir hefðu legið tvö greindarpróf og niðurstaða þeirra verið að ákærði væri innan meðallags varðandi greind en hún breyttist ekki. Vinnsluminni hans sé lítið en það sé einkennandi fyrir einhverfu. Greind hans sé innan meðallags og í því felist ekki vitsmunaskerðing. Var vitninu kynnt að ákærði hefði verið greindur með [...] og kvaðst vitnið ekki telja að hann [...]. Hann eigi sér langa sögu um að vera upptekinn af líkamlegu ástandi sínu. Hann upplifi þetta en svo finnist engin líkamleg einkenni. Líklega tengist þetta einhverfunni, sem sé alvarlegt þroskafrávik, og því fylgi ýmis önnur einkenni, geðræn og einnig líkamleg.

Hvað varðaði spurningu 2, hvort hugsanlegt væri að ákærði hefði sökum einhverfu ekki áttað sig á ástandi meints brotþola, sagði vitnið að hugsanlega hefði ákærði ekki getað áttað sig á ástandi brotþola. Fram hefði komið hjá ákærða að brotþoli hefði stamað dálítið og hann væri með [...] en honum fyndist engu að síður skrítið að hann væri þroskaheftur af því að hann hefði getað skrifað undir „ákæruna“. Sagði vitnið

að hugsanlegt væri að hann hefði ekki getað áttað sig á þessu þar sem einhverfa sé þannig að viðkomandi hafi lítið innsæi í aðra.

Hvað varðar spurningu 3, þar sem þess var óskað að matsmaður legði mat á hvort hugsanlegt sé að ákærði geti sökum einhverfu almennt ekki áttað sig á breyttri afstöðu fólks. Sagði vitnið að erfitt væri að svara þessu þar sem hún vissi ekki hve mikið eða hversu hátt brotaþoli hefði mótmælt. Ef hann hefði gert það hefði ákærði átt að átta sig á því eins og aðrir hvað nei þýðir og skilja það. Þá sagði vitnið að ákærði væri líklegri til að skilja orð en látbragð. Gögn sýni að kjarninn í einhverfu sé að átta sig ekki á líðan og tilfinningum annarra og lesa illa í aðstæður og hegðun og vera mikið í sinni eigin líðan, hegðun, tilfinningum og óskum. Í ljósi þess sé það vel hugsanlegt að hann hafi ekki áttað sig á þessu. Hefði brotaþoli látið skýrt í ljós að hann vildi stoppa teldi vitnið mjög líklegt að ákærði hefði átt að getað áttað sig á því. Vinnsluminni hans sé veikt og vinnsluhraði mjög hægur og sé hann því lengi að vinna úr nýjum upplýsingum, hvort sem þær eru mállegar eða óyrtar, sjónrænar eða félagslegar. Spurð hvort meðalvitsmunagreind hefði átt að hjálpa honum að skynja skerðingu brotaþola sagði vitnið að einkenni ákærða væru mjög alvarleg. Aðlögunarfærni hans sé mjög veik og hann þurfi eftirlit og tilsögn til að minnka líkur á að hann lendi í vandræðum vegna þessarar fötlunar. Var vitninu kynnt að brotaþoli beri útlitsleg merki um þroskaskerðingu og spurt hvað ylli því að ákærði áttaði sig ekki á því að brotaþoli er þroskaskertur. Sagði vitnið þá að ákærði hefði verið í skóla með fólki með útlitseinkenni og þegar hún hefði spurt hann um þetta hefði hann ekki virst vera næmur á þetta. Var vitnið þá spurt hvort það væri eitthvað sérstakt við þessa einhverfu sem kæmi í veg fyrir að ákærði sæi þetta og sagði vitnið þá að hann væri svona ónæmur á annað fólk. Var vitninu kynnt að ákærði hefði spurt brotaþola hvort hann hefði verið í sérskóla og treysti vitnið sér ekki til að svara því hvort ákærði hefði þá verið að átta sig á þessu. Sagði vitnið að ákærði hefði í gegnum árin ekki getað viðurkennt eða séð sinn hlut í því sem hann gerði og væri miður gott. Í hans tilfelli sé mjög líklegt að einhverfan eigi mjög mikinn þátt í því og sé hún ekki viss um að þetta hafi verið meðvitað hjá honum. Mögulega geti hann ekki áttað sig á því geri hann á hlut einhvers. Borið var undir vitnið að í skýrslu hennar kæmi fram að ákærði hefði sagt að hann hefði ekki áttað sig á þroskaskerðingu brotaþola en áttað sig á því að eitthvað væri að málfari hans, hann hefði stamað og [...], og sagði vitnið þá að getgátur hennar væru þær hann hefði ekki spáð meira í það og ekki séð það sem frávík eins og við gerum.

Vitnið H geðlæknir var dómkvaddur til að meta hvort 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga ætti við um ákærða og staðfesti hann matsgerð sína. Sagði vitnið ákærða hafa glímt einhverfuröskun síðan hann var barn, athyglisbrest og verið með starfræn líkamleg einkenni og síðar verið greindur með [...]. Þá eigi hann í vandræðum með öll félagsleg samskipti. Ákærði sé með eðlilega greind en eigi erfitt með að setja sig inn í „hvernig það er hjá öðru fólki“. Hann skilji hugtökin „já“ og „nei“ og það sem er afskaplega „konkret“. Sú greining að hann sé með [...] valdi því að ætla megi að ákærði geti að einhverju marki haldið hlutunum leyndum innan einhvers óskilgreinds ramma. Þá sé ákærði með allnokkra kynlöngun. Hann eigi fyrri sögu um að það hafi leitt til óviðeigandi kynferðislegra samskipta. Kynhvöt hans og tengslamyndun á kynferðissviði hafi ekki náð að þroskast með eðlilegum hætti hjá honum vegna raskana hans sem setji hann í ákveðinn vanda. Hann hafi gert ráð fyrir að þarna yrðu kynferðisleg samskipti við brotþola. Engu að síður hefði hann átt að skilja að nei þýði nei. Þá hefði ákærði eitthvað verið að eiga við hníf eftir atburðinn þegar brotþoli var hjá honum og virðist hann ekki hafa áttað sig á því hvað það var óviðeigandi hegðun. Ákærða skorti tilfinningalæsi og félagslegan þroska og það birtist í þessu. Málið hafi haft mikil áhrif á ákærða og starfræn einkenni hans versnað og hann leitað mikið til heilbrigðisþjónustunnar vegna álags. Hann hafi verið með mikla [...] þar sem hann [...].

Þá telji vitnið að ákærði skilji hugtakið „nei“ og sé hann sakhæfur samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga. Hann viti að hann eigi ekki að fremja svona verknað og skilji eðli verknaðarins. Hvað varðar 16. gr. laganna sé meiri vafi að mati vitnisins. Ákærði sé mikið veikur. Sú þróun sem verði á heilsufari hans í kjölfar atvika leiði til þess að erfitt sé að sjá að hefðbundin refsing muni þjóna tilgangi. Hann þurfi mikinn stuðning til að ná betra lífi og vera í umhverfi sem tryggi að hann fái þjónustu. Telji vitnið að það kunni að verða skaðlegt fyrir ákærða fari hann í fangelsi og ekki til að bæta hans flókna heilsufar. Einnig sé félagslegur þroski hans verulega skertur og innsæisleysi hans í mannleg samskipti og þetta skipti máli við mat á heildarþroska hans.

Hann hafi greindarþroska sem sé ágætur til viðræðu en staða hans sé þannig að hann sé til þess fallinn að lenda í ákveðnum samskiptaerfiðleikum eins og sagan hafi sýnt. Verði því að álykta að almennt þroskastig sé lægra en almennt gangi og gerist hjá fullorðnu fólki. Ákærði hafi verið byrjaður að leita í heilbrigðisþjónustuna löngu áður en atvik gerðust en ferðir hans orðið tíðari eftir að málið kom upp og veikindi hans alvarlegri. Telur vitnið ljóst að ákærði finni til samviskubits en það sé álag að fá svona

kæru á sig, hvort sem hún er sönn eða ósönn, og fyrir mann með einhverfuröskun sé þetta sérstaklega íþyngjandi. Vitnið kveðst telja yfirgnæfandi líkur á því að ákærði sé með [...]. Veikindin sýni hversu mikið álag hafi verið á ákærða á þessum tíma og hversu þungbært lífið sé honum. Ekkert hafi komið fram um að andlegir annmarkar hans séu [...]. Ákærði sé eðlilega greindur og geti greint rétt frá röngu. Þá skilji hann orsök og afleiðingar. Hvað varðar 16. gr. kveðst vitnið telja að ákærði muni ekki lesa þann skilning í refsingu að það muni fæla hann frá þessum athöfnum. Heilsa ákærða muni fara mjög illa þurfi hann að fara í fangelsi. Mikilvægt sé að heilbrigðiskerfið og aðrir sem eigi að sinna honum geri það í viðeigandi umhverfi. Ef þörfum ákærða væri sinnt í fangelsi og hann fengi þar góða þjónustu gæti það gengið fyrir hann en vitnið telji að aðstæður í fangelsi yrðu vart þannig. Kveðst vitnið þá vísa til heildarþjónustu í fangelsi. Umfang veikinda ákærða sé slíkt að vitnið sjái ekki hvernig fangelsisvist gæti bætt þar úr. Kveðst vitnið ekki átta sig á því hvaða áhrif skilorðsbundin refsing hefði fyrir ákærða en telja að hann mundi skilja að honum hefði verið refsað og afleiðingar af skilorðsrofi. Hann skilji að ef hann brýtur gegn manneskju þá geti það kallað á viðbrögð. Hann skilji orsök og afleiðingu í almennri merkingu. Vitninu er kynnt að árið [...] hafi ákærði verið [...] og kveðst vitnið telja að þá hafi verið hugsun að baki og ákærði vitað hvað hann var að gera í þeirri merkingu. Þá kvaðst vitnið engin merki hafa séð um að ákærði væri haldinn barnagirnd. Kynferðisbrot almennt séu í eðli sínu tengd brot og þeir sem brjóti af sér á einu sviði þeirra séu líklegir til að brjóta af sér á öðru sviði innan þess ramma. Þá sagði vitnið að ekki yrði fullyrt með vissu að ákærði hefði getað áttað sig á því að brotþoli væri skertur þegar þeir hittust. Ákærði hafi hitt brotþola í ákveðnum tilgangi og talið þennan einstakling færan til þess að stofna til kynmaka. Telji vitnið að ákærði lesi þetta þannig og hugsi þá ekki um það meira. Viðkomandi þurfi að vera mjög mikið skertur til að ákærði átti sig á þessu en vitnið eigi erfitt með að svara þessu þar sem hann hafi ekki séð brotþola.

Þá var vitninu kynnt að fram hafi komið hjá vitninu G að einhverfir séu lengur en aðrir að vinna úr upplýsingum og átta sig á sviðsmynd. Vitnið kvaðst telja að ákærði hefði verið lagður af stað í þessa vegferð og til að breyta því hefði hann þurft skýr skilaboð. Hafi „neið“ verið torrætt hafi verið erfiðaða fyrir ákærða að skilja það en þá sem ekki glíma við einhverfu. Eins telji vitnið að ákærði hafi ekki gert sér grein fyrir því að hann væri með yfirburðaaðstöðu gagnvart brotþola. Ef brotþoli er verulega skertur hefði ákærði mátt gera sér grein fyrir því. Geti vitnið ekki svarað þessu með hliðsjón af

15. gr. almennra hegningarlaga en bæði tjáning brotaþola og yfirbragð hans skipti máli við skilning. Skýr og afgerandi merki þurfi að vera um skerðingu. Hvort brotaþoli er áberandi skertur skipti máli og að ákærði hefði þá áttað sig á því að farið væri af stað ferli sem ekki væri viðeigandi. Ákærði mundi átta sig á mjög skertum einstaklingi sem aðrir væru enga stund að átta sig á en hann mundi þurfa mun lengri tíma til þess. Einnig hefði hann þurft lengri tíma til að átta sig á því hvað „nei“ þýðir. Telji vitnið að það sé hárfín lína milli þessa og ósakhæfis.

Lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa aflað gagna af Facebook Messenger úr síma brotaþola. [...] brotaþola hefði komið til hans og upplýst að fyrir lægi munnlegt samþykki brotaþola fyrir því að gagnanna yrði aflað. Aflað var gagna frá tilteknu tímabili sem hann hafði fengið uppgefið hjá brotaþola og [...] hans og upplýsinga um það hvort brotaþoli eða ákærði hefðu samþykkt vinabeiðni hins.

V

Niðurstaða

Ákærði er ákærður fyrir kynferðisbrot gegn brotaþola, annars vegar haustið 2018 og hins vegar 7. mars 2019, en ákærði er m.a. talinn hafa nýtt sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart brotaþola sem er með þroskahömlun og er á því byggt af hálfu ákæruvaldsins að hann hafi ekki getað skilið þýðingu verknaðarins. Er brot hans í ákæru talið varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði neitar alfarið sök. Hann viðurkendi að hafa átt mök við brotaþola eins og rakið er í ákæru en hafnar því að hafa með því brotið gegn brotaþola eins og þar er lýst. Af málatilbúnaði ákæruvaldsins má ráða að ákæruefni samkvæmt 1. ákærulið varði við 2. mgr. 194. gr. en ekki jafnframt 1. mgr. enda er þar ekki lýst háttsemi er fallið gæti undir það ákvæði. Telur dómurinn að með málflutningi sínum hafi ákæruvaldið skýrt ákæruna hvað þetta varðar, í samræmi við framangreint, og verður því ekki tekin afstaða til þess hvort ákærði hafi með þeirri háttsemi sem greinir í 1. ákærulið brotið gegn 1. mgr. 194. gr.

Með úrskurði héraðsdóms 22. október 2020 var kröfu ákærða um frávísun málsins hafnað og eru að mati dómsins ekki fram komnar nú forsendur til frávísunar þess.

Sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði

vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá skal dómur, samkvæmt 111. gr. sömu laga, reistur á þeim sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Fyrir liggur að brotaþoli er með [...] og samkvæmt mati dr. B mælist greind hans [...] stíg með prófum. Af framburði vitna, t.d. B, C, D og E, verður ráðið að brotaþoli sé leiðitampur og leitist við að þóknast öðrum og treysti fólki auðveldlega.

Eins og rakið hefur verið var ákærði greindur með einhverfu um [...] ára aldur og var sú greining staðfest með mati G og H sem töldu að um dæmigerða einhverfu væri að ræða. Þá kom fram að ákærði væri innan marka meðalgreindar. Einnig kom fram í matsgerð H að ákærði væri mjög líklega með [...] og hefði það ástand hans versnað eftir að hann var kærður í máli þessu. Skýrt kemur fram í gögnunum og í framburði ákærða að hann eigi í miklum erfiðleikum með félagsleg samskipti og svo hafi ávallt verið. Er því lýst að ákærði geti illa lesið líðan annarra og hegðun auk þess sem einhverfan valdi því að hann sé lengur en aðrir að meðtaka það sem hann heyrir og sér og að hann eigi almennt betra með að skilja orð en óyrta tjáningu.

Sannað telst með framburði ákærða og brotaþola að þeir hafi haft kynmök á þeim stað og tíma er greinir 1. og 2. ákærulið. Þá telst sannað á grundvelli framburðar ákærða og skýrslu og vætti vitnanna J og I að ákærði hafi verið með þá áverka á endaparmi er greinir í ákæru eftir að hafa haft kynmök við ákærða eins og greinir í 2. ákærulið.

Framburður brotaþola um atvik hefur að mestu verið stöðugur í gegnum meðferð málsins um þau atriði sem máli skipta og um flest í samræmi við þau gögn sem fram hafa komið í málinu og framburð vitna. Er það mat dómsins að framburður hans sé trúverðugur. Þá hefur framburður ákærða verið nokkuð stöðugur um atvik. Hann gat hins vegar litlar skýringar gefið á mörgum þeirra skilaboða sem hann sendi brotaþola. Má þar nefna að hann gaf óljósar skýringar á því hvers vegna hann spurði brotaþola hvort hann hefði verið í sérskóla þrátt fyrir að bera um að hafa séð ákveðin einkenni á brotaþola sem bentu til þess að hann væri þroskahamlaður. Þá neitaði hann því alfarið að hafa áhuga á [...] þrátt fyrir að hafa bryddað ítrekað upp á umræðu um þær í samskiptum sínum við brotaþola, og hafnaði því alfarið að hafa verið að þrýsta á að þeir hittust, í andstöðu við það sem fram kemur í skilaboðunum. Í ljósi þessa er það mat dómsins að framburður ákærða sé ótrúverður hvað þessi atvik varðar og verður niðurstaða málsins ekki á honum byggð að því marki sem hann er í andstöðu við annað sem fram er komið í málinu.

Hvað varðar þau atvik sem greinir í 1. ákærulið þá er til þess að líta að samkvæmt framlögðum gögnum liggur fyrir að brotþoli samþykkti vinabeiðni ákærða á Facebook 19. september 2018 og er ekkert fram komið sem staðfestir að þeir hafi þekkt eða búið yfir upplýsingum hvor um annan fyrir þann tíma. Í kjölfar þess voru þeir í samskiptum á Messenger en fyrstu skilaboðin á milli þeirra eru frá 22. september 2018 og ná framlögð skilaboð til 20. mars 2019. Má af þeim ráða að ætlun þeirra hafi verið að hittast til að hafa kynmök en einnig að þeir hafi haft samskipti fyrir 22. september, en við meðferð málsins varð ekki upplýst hver þau voru. Af þeim skilaboðum sem liggja fyrir verður skýrt ráðið að ákærði þrýsti á brotþola að hitta sig í því skyni að þeir hefðu kynmök, brotþoli lýsti yfir vilja til að hafa kynmök við ákærða og einnig má þar greina að brotþoli færðist eitthvað undan því að hitta ákærða. Fram kom í framburði ákærða fyrir dómi að hann teldi að fyrra skiptið sem þeir hittust og greinir í fyrsta ákærulið hafi verið 22. september 2018.

Auk þeirra skilaboða sem að framan greinir og fóru á milli ákærða og brotþola áður en þeir hittust í fyrra skiptið báru þeir um að hafa spjallaði saman á leiðinni frá [...] á vettvang atvika samkvæmt 1. ákærulið. Má af framburði þeirra ráða að sá akstur hafi einungis tekið nokkrar mínútur. Er ekkert fram komið sem staðfestir þann framburð brotþola að ákærði hafi þá spurt hann hvort hann væri í sérskóla en af þeim skilaboðum sem liggja fyrir má ráða að hann spurði a.m.k. um þetta síðar.

Það er mat dómsins, sem skipaður er meðdómsmanni sem sérfróður er á sviði geðlækninga, að brotþoli sé sýnilega þroskahamlaður þegar litið er til útlits hans og það verður einnig ráðið af stuttu samtali við hann. Er þetta í samræmi við framburð og mat dr. B. Þá er ákærði greindur með einhverfu og fram eru komin gögn um að það valdi því að hann eigi m.a. erfitt með að lesa í félagslegar aðstæður. Verður ákærði að njóta vafans um það hvort sannað sé að honum hafi hlotið að vera ljóst hvert ástand brotþola var þegar þeir hittust fyrst, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt framburði dr. B er ástand brotþola þannig að einstaklingi með meðalgreind eigi að vera ljóst ástand hans, jafnvel þó viðkomandi sé með einhverfu þó vera kunnir að sá þurfi lengri tíma til að meðtaka ástand hans. Fær þetta mat ákveðinn stuðning í framburði H og G. Telur dómurinn að þrátt fyrir augljós merki þroskahömlunar verði ekki á það fallist með ákæruvaldinu að ákærði hafi mátt gera sér grein fyrir ástandi brotþola þegar þeir hittust haustið 2018 eftir þessi takmörkuðu samskipti. Er því ósannað að ákærða hafi mátt vera ljós sá aðstöðumunur sem var á milli þeirra og að hann hafi þá nýtt sér yfirburði sína og

aðstöðumun gagnvart brotaþola og það að hann gat ekki skilið þýðingu verknaðarins. Verður ákærði því sýknaður af 1. ákærulið.

Hvað varðar atvik er greinir í 2. ákærulið og talin eru hafa átt sér stað 7. mars 2019 þá höfðu ákærði og brotaþoli þegar þau atvik gerðust átt þau samskipti sem að ofan eru rakin, þ. á m. hist og haft kynmök. Því til viðbótar höfðu þeir þá verið í samskiptum á Messenger á um sex mánaða tímabili. Liggja samskipti þeirra fyrir í formi skilaboða en utan þess virðast einu samskipti þeirra hafa verið símtal þegar brotaþoli var á leið til ákærða þennan dag.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa áttað sig á því að brotaþoli væri þroskaskertur og sagði að hvað þetta varðaði hefði ekkert „öskrað“ á hann. Brotaþoli hefði komið honum nokkuð eðlilega fyrir sjónir og hann ekki tekið eftir því að eitthvað væri að honum útlitslega en brotaþoli hefði stamað svolítið. Þá sagði ákærði hjá lögreglu að hann hefði talið að brotaþoli væri með málhömlun. Ákærði gat ekki útskýrt hvers vegna hann spurði brotaþola hvort hann hefði verið í sérskóla eftir að þeir hittust fyrst en sagði að verið gæti að eitthvað í undirmeðvitund hans hefði valdið því að hann spurði. Þá sagði hann einnig eitthvað í svörum brotaþola hafa „slegið á það“. Samkvæmt þeim skilaboðum sem liggja fyrir svaraði brotaþoli þessu hins vegar játandi og sagði hann fyrir dómi að hann hefði sagt ákærða frá því að hann hefði verið í [...]. Í kjölfar þess að brotaþoli svaraði spurningunni játandi spurði ákærði hann í skilaboðum hvort margir bekkjarfélaga hans hefðu pissað á sig. Samkvæmt þessu gat ákærða ekki annað en verið ljóst að hann var í samskiptum við þroskahamlaðan mann. Er framburðar ákærða um að svör brotaþola hefðu slegið á hugleiðingar hans í andstöðu við þessi skilaboð. Einnig sagði ákærði að hann hefði ekki fengið sambærileg kynferðisleg skilaboð frá öðrum en brotaþola og sagði þau ekki hafa „kveikt á rauðum flöggum“ en eftir á að hyggja hefði þetta mögulega átt að vekja hann til umhugsunar. Taldi hann hugsanlegt að einhverfa hans hefði valdið því að hann hefði ekki áttað sig á því að brotaþoli væri skertur. Þá er einnig til þess að líta að framsetning þeirra skilaboða sem brotaþoli sendi ákærða á þessu sex mánaða tímabili mátti gefa honum vísbendingu um þroska brotaþola.

Fyrir liggur í skilaboðunum að ákærði byrjaði fljótt að ræða við brotaþola um [...]. Ákærði neitaði fyrir dómi að hafa sérstakan áhuga á þeim en gat þó ekki útskýrt tíð skilaboð sín um þær. Framburður brotaþola hefur alla tíð verið stöðugur þess efnis að ákærði hefði [...] eftir að kynmökum þeirra lauk, gegn vilja hans. Fær framburður brotaþola hvað þetta varðar stuðning í þeim skilaboðum sem ákærði sendi eftir þetta þar

sem hann spurði hvort eitthvað [...]. Staðfesti [...] brotaþola fyrir dómi hversu illa brotaþola væri við [...] og [...]. Með hliðsjón af framangreindu verður niðurstaða dómsins á því byggð að ákærði hafi neytt brotaþola til að vera með [...] og telur dómurinn að þetta sé til marks um að ákærði hafi haft ákveðna yfirburði í þeirra samskiptum.

Framburður brotaþola hefur í gegnum alla meðferð málsins verið skýr þess efnis að hann hafi viljað hitta ákærða til að hafa við hann kynmök og hafi hann viljað hafa endaparmsmök við ákærða eins og ákærði við hann. Má þetta einnig ráða af skilaboðum og því að ákærði kom sér þar undan því að svara beiðni brotaþola um að fá að hafa endaparmsmök við hann. Í framburði þeirra beggja kemur fram að í bæði skiptin sem þeir hittust hafði ákærði endaparmsmök við brotaþola en ekki öfugt.

Þá má ráða af þeim skilaboðum sem liggja fyrir að ákærði hvatti brotaþola til að koma til sín til að hafa kynmök við hann. Þegar brotaþoli sagðist ekki vilja eða geta komið þrýsti ákærði á hann að koma. Þar kemur fram að brotaþoli hugleiddi að koma til ákærða í byrjun janúar 2019 eftir að ákærði fór að ræða það við hann, en þá höfðu þeir ekki verið í sambandi í um viku, en ekkert virðist hafa orðið úr því. Þá má þar sjá að brotaþoli ætlaði að koma til ákærða 14. febrúar en ekkert varð úr því og hafði ákærði frumkvæði að því að hefja á ný umræðu um að brotaþoli kæmi til hans, sem leiddi til þess að brotaþoli kom til hans 7. mars. Eru þær skýringar ákærða að hann hefði einungis spurt til að vera viss um að vera heima ótrúverðugar.

Ákærði byggir varnir sínar á því að hann hafi þurft lengri tíma en eigi við um fólk almennt til að átta sig á ástandi brotaþola vegna einhverfu sinnar. Þegar þeir hittust 7. mars höfðu þeir hist áður og verið í samskiptum í langan tíma. Einnig hafði hann þá spurt brotaþola hvort hann hefði verið í sérskóla. Í ljósi þessa er þessari vörn ákærða hafnað. Er þá á því byggt að aðdragandinn hafi verið það langur að hann hefði a.m.k. átt að hafa á þeim tíma og á grundvelli þeirra skýru upplýsinga sem fram voru komnar áttað sig á því að brotaþoli væri þroskahamlaður. Verður þessu til stuðnings einnig vísað til mats H og dr. B sem rakið er hér að framan. Þá verður ástandi ákærða vegna einhverfu hans og sem nemandi í sérdeild fyrir börn með einhverfu á engan hátt jafnað við stöðu brotaþola eða talin sýna fram á að geta hans til að meta einkenni þroskahömlunar sé minni en annarra.

Þrátt fyrir að brotaþoli hafi sjálfur verið að leita að kynmökum við ákærða er ljóst samkvæmt framburði vitna, t.d. [...] brotaþola og dr. B, að hann hafði, vegna þroskahömlunar, ekki getu til að átta sig á þeirri hættu sem gat falist í því að hitta ákærða

umrætt sinn, eða aðra sem hann þekkti ekki, til að eiga við þá kynmök. Dómurinn metur það svo að ákærða hafi þá verið ljós staða brotþola og nýtt sér það til að þrýsta á brotþola að koma til sín og hafa við sig kynmök. Er það mat dómsins, með hliðsjón af því sem að framan hefur verið rakið, að ákærði hafi nýtt sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart brotþola á þeim grundvelli að brotþoli er með þroskahömlun. Í ákæru er einnig á því byggt að ákærði hafi jafnframt nýtt sér það að brotþoli gat ekki skilið þýðingu verknaðarins til að ná fram kynferðismökunum. Eins og að framan er rakið fellst dómurinn á það að brotþola hafi að einhverju leyti skort skilning á þeim aðstæðum sem hann komst í með ákærða. Fyrir liggur að geta brotþola er mjög lítil samkvæmt þorskamati [...]. Þar er hins vegar ekki fjallað beint um skilning brotþola hvað þetta varðar. Á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir verður ekki fullyrt með afgerandi hætti um skilning brotþola hvað þetta varðar eða að ákærði hafi getað nýtt sér skilningsleysi hans til að hafa við hann kynmök eða á hvern hátt hann gerði það. Með vísan til alls framangreinds telur dómurinn engu að síður nægilega sannað, þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi, eins og að ofan er rakið, með háttsemi sinni brotið gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæru er ákærði einnig ákærður fyrir að hafa ekki hætt kynmökunum þegar brotþoli bað hann um það. Lýsti brotþoli því fyrir dómi að hann hefði viljað hætta þar sem honum þætti þetta vont. Fyrir liggur að brotþoli var með áverka á endaparmi eftir kynmök. Af skilaboðum milli ákærða og brotþola og framburði brotþola má ráða að hann hafi einnig verið með verki í endaparmi eftir fyrra skiptið þegar ákærði hafði við hann endaparmsmök og þá með samþykki brotþola. Framburður brotþola hefur verið nokkuð á reiki hvað það varðar að hann hefði beðið ákærða að stoppa og einnig hvað það var sem hann sagði við ákærða og hvenær. Þau vitni sem komu fyrir dóminn og báru um þetta voru öll að hafa eftir frásögn brotþola en gátu ekki borið sjálfstætt um atvik. Loks verður af framburði hjúkrunarfræðings og læknis sem skoðuðu brotþola ráðið að ekki sé útilokað að áverkar sem þessir geti orðið við kynmök með samþykki viðkomandi. Verða áverkanir því ekki taldir vera sönnun þess að mökin hafi verið gegn vilja brotþola. Þá er framburður ákærða og brotþola samhljóða þess efnis að kynmök hafi hætt þegar brotþoli þurfti að fara á salernið og sagði brotþoli það hafa verið skömmu eftir að hann bað ákærða að hætta. Í ljósi alls framangreinds er það mat dómsins að gegn stöðugri neitun ákærða verði ekki talið sannað að brotþoli hafi beðið ákærða að stöðva kynmök umrætt sinn. Verður ákærði því sýknaður af broti gegn 1. mgr. 194. gr. almennra

hegningarlaga með því að hafa haldið áfram að hafa mök við brotþola eftir að hann bað ákærða að hætta.

VI

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 20. apríl 2021, hefur ákærði þrisvar verið dæmdur til refsingar. Hann var með dómi héraðsdóms [...] sakfelldur fyrir m.a. brot gegn 202. gr. almennra hegningarlaga og dæmdur í níu mánaða fangelsi skilorðsbundið í fimm ár. Með dómi Hæstaréttar [...] var ákærði sakfelldur fyrir umferðarlagabrot og var þá talinn hafa rofið skilorð framangreinds dóms og var hann því tekin upp og ákærði dæmdur í tíu mánaða fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára. Loks var ákærði dæmdur til greiðslu sektar með dómi héraðsdóms [...] vegna umferðarlagabrota en eldri skilorðsdómur látinn halda sér. Í samræmi við framangreint stóðst ákærði skilorð dóms Hæstaréttar og verður hann því ekki talin hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú, sbr. 61. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en brot ákærða beindist að lífi og heilsu brotþola, sem lagði traust sitt á ákærða.

Samkvæmt mati H er það hans niðurstaða að ólíklegt sé að fangelsisrefsing geti borið árangur hvað ákærða varðar, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga. Rökstyður hann það með vísan til heilsufars hans og þá aðallega líkamlegra kvilla vegna [...]. Í 29. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 kemur fram að fangar skuli njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Þá getur Fangelsismálastofnun samkvæmt 22. gr. laganna, að undangengnu sérfræðiáliti, leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða jafnvel allan refsítímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun. Í ljósi þess er það mat dómsins að 16. gr. almennra hegningarlaga standi ekki í vegi fyrir því að ákærði verði dæmdur til óskilorðsbundinnar refsingar vegna þess brots sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir.

Með vísan til alls framangreinds og í ljósi alvarleika brotsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði. Vegna ástands ákærða og með vísan til mats H og þess dráttar sem orðið hefur á meðferð málsins er það niðurstaða dómsins að skilorðsbinda refsingu ákærða að hluta, eins og í dómsorði greinir.

VII

Í málinu gerir brotþoli kröfu um miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna auk vaxta og lögmansþóknunar. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gegn 2. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940 og hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Er háttsemi ákærða til þess fallin að valda brotþola miska. Þá má af framburði brotþola, vitna og vottorði og vætti sálfræðings ráða að háttsemin olli brotþola líkamlegri og andlegri vanlíðan. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 800.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði og er upphafstími dráttarvaxta miðaður við það að ákærða var fyrst kynnt bótakrafan við þingfestingu málsins.

Eftir úrslitum málsins verður ákærði dæmdur til greiðslu 1/3 hluta alls málskostnaðar og sakarkostnaðar sem alls er ákveðinn eins og hér greinir: Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla Tryggvasonar lögmans, teljast hæfilega ákveðin 4.000.000 króna, og þóknun réttargæslumans brotþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmans, 950.000 krónur. Sakarkostnaður er 1.365.996 krónur í samræmi við framlögð yfirlit ákæruvaldsins. Við ákvörðun þóknunar hefur verið tekið tillit til vinnu lögmanna á rannsóknarstigi og virðisaukaskatts. Með vísan til reglna dómstólasýslunnar nr. 2/2021 eru ekki efni til að fallast á kröfu verjanda um greiðslu aksturskostnaður eða kostnað af öflun heimildargagna.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Katrín Hilmarsdóttir saksóknarfulltrúi.

Dóm þennan kveða upp Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari sem dómsformaður, Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari og Tómas Zoëga geðlæknir sem sérfróður meðdómsmaður.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í átta mánuði en fresta skal fullnustu fimm mánaða af dæmdri refsingu ákærða og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A, 800.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 7. mars 2019 til 25. júní 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 1/3 hluta alls sakarkostnaðar málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla Tryggvasonar lögmans, sem samtals eru ákveðin 4.000.000

króna, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmans,
950.000 krónur, og 1.365.996 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign.)

Ingiríður Lúðvíksdóttir (sign.)

Tómas Zoëga (sign.)